

Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

2. TBL. 30. ÁRG. 2024





- | | | |
|--|--|--|
| <p>4 STEFÁN A. SVENSSON
Formannspistill</p> <p>6 ARI KARLSSON
Frá ritstjórn</p> <p>7 EYRÚN INGADÓTTIR
OG INGIMAR INGASON
Aðalfundur LMFÍ: Af óhreyfðum
erindum og öðru</p> | <p>10 INGIMAR INGASON
Félagsmönnum fækkar</p> <p>13 HRINGBORÐSUMRÆÐUR
Konur, lögmannsstarfið og
samfélagið</p> <p>17 EYRÚN INGADÓTTIR
Kynjafræðinemi kikir á karlastétt</p> <p>19 EYRÚN INGADÓTTIR
Mentorprógramm Lí og LMFÍ</p> | <p>22 VIÐTAL VIÐ HJÖRT TORFASON
Lögfræðin eitthvað til að halda
sér í</p> <p>27 EELA ráðstefna í Hörpu</p> |
|--|--|--|

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Ari Karlsson lögmaður
Netfang: ari@lmfi.is

Aðstoðarritstjóri

Eyrún Ingadóttir
Netfang: eyrun@lmfi.is

Ritnefnd

Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður
Ingi B. Poulsen lögmaður
Únnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

Stjórn LMFÍ

Stefán A. Svansson, lögmaður, formaður,
stefan@juris.is
Eva Halldórsdóttir lögmaður, varaformaður,
eva@llg.is
Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, ritari
hildur@landslag.is
Sigrún Helga Jóhannsdóttir lögmaður, gjaldkeri
sigrun@skagi.is
Magnús Hrafn Magnússon lögmaður, meðstjórnandi
mhm@sigthor.com

Varastjórn LMFÍ

Auður Björg Jónsdóttir lögmaður,
audur@jalogmenn.is
Gísli G. Hall lögmaður,
ggh@lav.is
Guðmundur Ingví Sigurðsson lögmaður,
guðmundur@lex.is

Starfsmenn LMFÍ

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri
Eva Hrönn Jónsdóttir lögfræðingur
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

Forsíðumynd

Úr Berufirði. Ljósmynd: Ingimar Ingason

PRENTVINNSLA

Litlaprent ehf.

UMSJÓN AUGLÝSINGA

Óflun ehf., sími: 530 0800
ISSN 1670-2689



Áreiðanleikamat Creditinfo


Fyrir tilkynningarskylda aðila

Áreiðanleikamat Creditinfo er einfalt og þægilegt viðmót sem gerir tilkynningarskyldum aðilum kleift að kanna áreiðanleika viðskiptavina sinna.

Í viðmótinu getur þú:

- Sent áreiðanleikakannanir (AML) rafrænt, haldið utan um svörun og uppfyllt lagaskyldur.*
- Haft góða yfirsýn yfir orðspor, eignarhald, dómsmál og stjórn mála tengsl viðskiptavina.

Kynntu þér Áreiðanleikamat Creditinfo á creditinfo.is



*Skv. lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjaverka, eiga tilkynningarskyldir aðilar að leggja áreiðanleikakönnun fyrir viðskiptavini sína um uppruna fjármuna, tilgang viðskipta og stjórn mála tengsl.

AÐ GÆTA HEIÐURS OG SÆMDAR STÉTTAR

STEFÁN A. SVENSSON LÖGMAÐUR
FORMAÐUR



Í tilefni 90 ára afmælis Lögmannafélags Íslands árið 2001 var Davíð Þór Björgvinsson fenginn til að skrifa sögu félagsins og birtist afraksturinn í yfirgripsmikilli grein í *Tímariti lögfræðinga* í desember sama ár undir heitinu „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip.“ Áður hafði Theodór B. Líndal gert sögu félagsins góð skil við 25 ára og 50 ára afmæli þess.

Fram kemur meðal annars í grein Davíðs Þórs að af heimildum megi ráða að það voru einkum tvö mál sem félagið beitti sér fyrir í upphafi. Annars vegar að samþykkja sameiginlega lágmarksgjaldskrá sem mun raunar hafa verið fyrsta verkefni félagsins eftir stofnun þess, sem var löngu fyrir tíma samkeppnisregluverks. Hins vegar að setja skorður við öflun málflytningarréttinda sem „yfirréttarmálflytningmenn“. Um hið fyrrnefnda segir í grein Davíðs Þórs að með því að koma sér saman um lágmarksgjaldskrá „... var að því stuðlað að aukin samkeppni í millum málflytningsmanna gæti síður leitt til þess að þeir undirbyrðu hvern annan“. Um síðara atriðið segir að það „... gat þjónað þeim tilgangi að hægja á fjölgun í stétt málflytningsmanna þótt það hafi eflaust einnig miðað að því að bæta þjónustu þeirra með því að gera kröfur um ákveðna starfsreynslu til viðbótar við lögfræðiprófið“.

Davíð Þór rekur í grein sinni að það megi þó jafnframt ráða að fleira kunni að hafa búið að baki en hrein hagsmunabarátta við stofnun félagsins. Þannig muni samvinna málflytningsmanna hafa verið í molum, en um það segi Theodór B. Líndal í ritinu *Málflytningmannafélag Íslands 25 ára 1911 – 11. des. – 1936* á bls. 42:

Þeir, sem muna þá daga, er félagið hóf göngu sína, hafa skýrt svo frá, að sá hafi verið háttur málflytningsmanna, að torvelda hver öðrum störfín sem mest. Lítilfjörlegir formgallar, t.d. ef innsigli stefnuvotta vantaði undir birtingarvottorð, voru notaðir til þess, að málum yrði vísað frá dómi. Mótmæli gegn umboði þóttu sjálfsgöð og ekki þótti ástæða til að mæta í nokkrum rétti án stefnu og fyllsta stefnufrests. Ef til vill er þetta eitthvað orðum aukid, en það mun ekki vera mikið. Sama er að

segja um orðbragðið í sóknar- og varnarskjölum. Mikill hluti þeirra voru persónulegar meidningar, háð og hótmyndi. Er sagt að venja þessi í öllu orðbragði væri orðin svo rík, að almenningur hafði varla talið mál sómasamlega flutt, nema málflytningismennirnir væru sektaðir fyrir meidyrði og ósektaður málflytningismaður átti fárra skjólstæðinga vól.

Rekur Davíð Þór að þessi samskipti muni hafa breyst til hins betra eftir stofnun félagsins og að Lárus Fjeldsted, sem var einn af stofnendum félagsins og síðar heiðursfélagi, segi um félagsstofnunina í minningargrein um Svein Björnsson í *Tímariti lögfræðinga* árið 1952: „Tilgangur félagsins var, að ég hygg, ekki fyrst og fremst sá að geta fjárhagslegra hagsmuna félagsmanna, heldur hins að geta heiðurs og sæmdar stéttarinnar.“

Það er að sjálfsgöðu mikilvægt að þeir sem eru í forsvari fyrir félagið hverju sinni sem og félagsmenn gæti heiðurs og sæmdar stéttarinnar. Sú er sem betur fer raunin í yfirgnæfandi meirihluta tilvika. Grunnildir félagsins, þ.e. að gæta hagsmuna lögmanna stéttarinnar, að stuðla að samheldni og góðri samvinnu félagsmanna, að standa vörð um sjálfstæði lögmanna stéttarinnar, að stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis og að sinna lögboðnu eftirlits- og agavaldi, eru sem rauður þráður í allri sögu félagsins og verða það áfram. Lögmannafélagið, og allir félagsmenn, gegna um leið mikilvægu hlutverki við að stuðla að framgöngu réttarríkisins og að almenningur beri virðingu fyrir og skynbragð á mikilvægi réttarríkisins og hlutverki lögmanna við að framfylgja því.

Ég vil að lokum nota tækifærið fyrir hönd félagsins og þakka fráfarandi formanni, Sigurði Erni Hilmarssyni, og þeim sem hafa staðið vaktina með honum, fyrir farsæl og óeigingjörn störf í þágu félagsins undanfarin ár.

BREYTINGAR Á FÉLAGATALI

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Ómar R. Valdimarsson

Lögmannsstofan Valdimarsson, Hlíðarfæti 15, 102 Reykjavík

Sveinn Jónatansson

Jónatansson & Co lögfræðistofa, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík

Þormóður Skorri Steingrímsson

Lögmenn Árbæ, Nethyl 2, 110 Reykjavík

NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Daði Ólafsson

Novum lögfræðisþjónusta, Bæjarlind 4, 201 Kópavogi

Einar Brynjarsson

BBA Fjeldco, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Ingibjörg Pálmadóttir

Forum Lögmenn / Tort, Ármúla 13, 108 Reykjavík

Magnús Ingvar Magnússon

Landslög slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Ólafur Karl Eyjólfsson

ÓK Lögmenn slf., Stórhöfða 29, 110 Reykjavík

Áslaug Lára Lárusdóttir

Juvo lögmenn, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

Stefán Þór Eyjólfsson

PACTA lögmenn ehf., Katrínartúni 4, 105 Reykjavík

Sverrir Sigurjónsson

Land lögmenn, Borgarbraut 61, 310 Borgarnesi

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

Albert Björn Lúdvígsson

Claudia & Partners Legal Services, Lágmúla 5, 108 Reykjavík

Alda Lín Auðunsdóttir

Lagastoð, Lágmúla 7, 108 Reykjavík

Brynja Rún Brynjólfssdóttir

Árnason Faktor lögmenn ehf., Guðríðarstíg 2-4, 113 Reykjavík

Brynjar Freyr Garðarsson

BBA Fjeldco, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Elisabeth Lind Solbakk Matthíasdóttir

E-law lögmenn, Hafnargötu 91, 230 Reykjanesbæ

Freyr Björnsson

FB ráðgjöf ehf., Skipholti 50d, 105 Reykjavík

Guðríður Harpa Ásgeirsdóttir

TM tryggingar hf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Guðrún Sólveig Sigríðardóttir

LEX lögmennsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Helga Lena Garðarsdóttir

LEX lögmennsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Jón Ásbjörnsson

Arta lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Maren Albertsdóttir

LOGOS lögmennsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík

Róbert Ragnar Spanó

Gibson, Dunn & Crutcher LLP, 16 Av. Matignon, 75008 París, Frakklandi

Rögnvaldur Árni Geirsson

Icelandair, Reykjavíkurlflugvelli, 102 Reykjavík

Porkell Bjarnason

Deloitte Legal ehf., Dalvegi 30, 201 Kópavogi

ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

Alexander Örn Júlíusson

Langisjór ehf., Sundagörðum 8, 104 Reykjavík

Erna Guðmundsdóttir

Magistra ehf., Bakkavör 32, 170 Seltjarnarnesi

Jóhannes Eiríksson

NOVO Legal slf., Hallgerðargötu 13, 105 Reykjavík

Jóhannes Tómasson

Juris slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Ragnhildur Elín Lárusdóttir

Deloitte Legal ehf., Dalvegi 30, 201 Kópavogi

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir

Hekla Legal ehf., Hamravík 24, 112 Reykjavík

BREYTING Á VINNUSTAÐ

Björgvin Rafn Sigurðarson

Avion legal ehf., Bildshöfða 14, 110 Reykjavík

Bragi Dór Hafþórsson

Embætti ríkislögmans, Hverfisgötu 4-6, 101 Reykjavík

Guðrún Helga Schopka

Landsbankinn, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík

Gunnar Gíslason

Lögmennsstofan Jura slf., Heiðarbraut 63, 300 Akranes

Helga Björk Helgadóttir Valberg

Kerecis, Sundstræti 38, 400 Ísafirði

Kristján Óli Ingvarsson

KPMG Law, Borgartúni 27, 105 Reykjavík

Lúðvík Örn Steinarsson

Garðabær, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ

Oddur Ástráðsson

Réttur - Aðalsteinsson & partners, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

Olgeir Þór Marinósson

Vörður tryggingar hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík

Þorbjörn Þórðarson

Samherji hf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

NÝTT HEIMILISFANG

Haukur Örn Birgisson

Ingvar Smári Birgisson

FIRMA lögmenn, Dalvegi 30, 201 Kópavogi

Ingibjörg Ingvadóttir

Lögmenn Kópavogi / Lögbjörg ehf., Ísleifsbúð 12b, 815 Þorlákshöfn

Katrín Theodórsdóttir

Lögron, Ásvallagötu 2, 101 Reykjavík

Páll Ólafsson

P.Ó. Ráðgjöf - lögmennsstofa, Ránargötu 18, 101 Reykjavík

SÓLARFÁRVIÐRI – SÓLARSAMVISKUBIT

ARI KARLSSON
RITSTJÓRI



Það var fastur liður í æsku minni að ömmusystir mín, mikil garðyrkjukona, lýsti því yfir einhvern tímann um miðbik júnímánuðar að blómin í garðinum væru byrjað að fella blöð og það væri komið haust. Yfirlýsingunni fylgdi jafnframt langar lýsingar á heimskautaveðurfari reykvískis sumars sem færi ekki vel í viðkvæman evrópskan garðagróður. Svona þegar betur var að gáð var þetta ástand í garðinum ekki sérlega skrytið þar sem þessi frænka mín hélt aðallega upp á vorlauka sem blómguðust í sumarbyrjun en minna var af gróðri sem blómstraði síðsumars.

Mér verður stundum hugsað til þessarar góðu frænku minnar þegar júnímánuður er sólsnauður eins og oft vill verða hér á suðvesturhorninu. Það er nánast fastur liður eins og dauðinn og skattarnir sem og umræðan sem skapast í samfélaginu um að það sé óbyggilegt á þessu útskeri.

Í sjálfu sér skiptir þetta okkur sem sinnum innivinnu minna máli en aðra. Það er nefnilega þannig á Íslandi þessa fáu daga þegar sólin skín og það er virkilega gott veður að yfir okkur hellist risastórt FOMO eða sólar­samviskubit að vera ekki úti að njóta góða veðursins. Enda er Ísland líklegast eitt fárra landa í heiminum þar sem atvinnurekendur gefa stundum sólarfrí og loka snemma á sumrin ef veðrið er sérstaklega gott. Sólleysi í júní ætti því ekki að skipta okkur lögmenn höfuðmáli þegar tekið er til og lokið ýmsum verkefnum fyrir réttarhlé og áður en sumarleyfi hefst.

Hér á síðum Lögmannablaðsins fjöllum við um ýmis sameiginleg málefni lögmennastéttarinnar og vinnuáætlæður þ.m.t. kannanir sem gerðar eru á vegum félagsins þar um. Flestar eiga þær sammerkt að lögmenn telja álag í starfi vera of mikið og starfið sé ekki bara unnið á dagvinnutíma.

Þegar betur er gáð eru þessir þættir starfsins ákveðinn kostur þessa örfáu daga sumars þegar á brestur með sólarfárviðri. Kostur lögmennsku er sá að það er skilafrestur verkefnisins sem almennt stjórnar störfum okkar en ekki á hvaða tíma eða hvar verkið er unnið. Meðan ekki eru fyrirtökur í dómi, fundir eða skilafrestir er því oft hægt á sumrin að hnika til vinnutíma til þess að skjótast einn golfhring, í sund, eða sitja á kaffihúsi og finnast um skamma hríð maður vera staddur einhvers staðar sunnar á jarðarkúlunni en hér. Í því felst ákveðinn sveigjanleiki sem er innbyggður í störf lögmanna.

Kannski eru lögmenn því minna þjakaðir af sólar­samviskubiti en aðrar starfstéttir sem verða að sinna störfum sínum á staðnum og hafa ekki þennan sveigjanleika?

Með það í huga óskum við í ritstjórn Lögmannablaðsins ykkur öllum gleðilegs og ekki síður sólríks sumars.



Sigurður Örn Hilmarsson fráfarandi formaður þakkaði félagsmönnum og starfsfólki samstarfið síðustu þrjú ár.

AF ÓHREYFÐUM ERINDUM OG ÖÐRU

Á aðalfundi LMFÍ, sem haldinn var miðvikudaginn 29. maí síðastliðinn, taldi Sigurður Örn Hilmarsson fráfarandi formaður upp helstu málin sem unnið hefur verið að síðasta árið og ræddi um viðbrögð erinda í dómsmálaráðuneyti, eða öllu heldur um viðbragðsleysi. Gerðar voru breytingar á samþykktum félagsins sem leyfa rafræna fundi og kosningar og frá árinu 2025 munu allir virkir félagar greiða árgjald.

Áskoranir og viðbragðsleysi

Sigurður Örn fór yfir helstu breytingar á félagatali LMFÍ en töluverður kynjahalli hefur verið innan félagsins þó greina megi lítilsháttar bætingu á milli ára. Um þetta sagði Sigurður: „Enn er þó langt í land en verkefni félagsins verður áfram að tryggja að lögmennta sé gjöfult og spennandi ævistarf sem hentar öllum, óháð kyni, fjölskylduábyrgð eða öðru slíku.“ Í þessu sambandi nefndi Sigurður Örn samstarf LMFÍ og stjórn málafræðideildar Háskóla Íslands, en nýlega var gerð könnun á meðal félagsmanna um kjör, vinnutíma, streitu og annað slíkt sem hefur áhrif á vinnuumhverfi lögmanna. Þá sagði Sigurður Örn: „Það er gleðilegt að segja frá því að í gær skilaði Marianna Hlíf Jónasdóttir nemandi í hagnýtri jafnréttisfræði ritgerð sinni sem ber heitið „Starfsaðstæður og kjör lögmanna; kortlagning stöðu lögmanna út frá kynja- og jafnréttisfræðum“.

Efnið virðist mjög áhugavert og má þar finna fjölda tillagna sem ég vonast til að muni nýtast jafnt félaginu sjálfu sem og félagsmönnum þess.“

Sigurður Örn fór yfir helstu verkefni félagsins á liðnu starfsári og gat þess að innan dómsmálaráðuneytis lægju ótal erindi óhreyfð frá félaginu og nefndi sem dæmi að allt frá árinu 2017 hefði félagið talað fyrir setningu regluverks um húsleitir á lögmannsstofum sem væru í eðli sínu mjög viðkvæmar vegna trúnaðarupplýsinga sem vörðuðu skjólstæðinga og gagnaðila þeirra: „Við höfum ítrekað óskað þess að slíkar reglur verði settar og ekki síst í tilefni rannsóknar á síma og skýjaþjónustu lögmanna sem var heimiluð nú í byrjun árs. Hið sama gildir um eftirlit með símhlustunum, en svo virðist sem lögreglustjórar landsins fari ekki eftir settum réttaröryggisreglum og þrátt fyrir



Um 30 manns sátu aðalfundinn sem haldinn var á Hilton Reykjavík Nordica en svipaður fjöldi hlustaði í fjarfundi.



Hjördís Halldórsdóttir lögmaður á LOGOS stjórnáði aðalfundinum.

athugasemdir félagsins þá gæti nokkurs viðbragðsleysis vegna þessa í ráðuneytinu," sagði hann.

Þá lögju í ráðuneytinu heildstæðar tillögur að breytingum á lögmannalögum, breytingar á lögum um að dómarar rökstyðji úrlausnir um málskostnaðarkröfu, tillögur um gjafsókn þegar mál eru ómerkt og heimvísað í hérað en af því hlytist tjón sem að lögmennt þyrftu oft að bera. Einnig væru tillögur um breytingar á frestum í kærumálum, sem yrðu þá í svipuðu horfi og í áfrýjunarmálum, svo lögmennt gætu tekið sumarleyfi eins og aðrir: „Við höfum þá einnig óskað eftir breytingum á kærumálum hjá Hæstarétti en nú þarf að skila greinargerðum til varnar áður en kæruleyfi er veitt með tilheyrandi óþarfa kostnaði þegar kæruleyfi er synjað“ Sigurður sagðist vonast til þess að þessi mál myndu þokast áfram á næstunni.

Sigurður Örn fjallaði einnig um félagsdeildina og sagðist vera afskaplega stoltur af því að félagið hóf að taka þátt í mentorprógrammi sem Lögfræðingafélag Íslands hefði rekið um nokkurra ára skeið. „Mér fannst aðdáunarvert hve margir eldri og reyndari félagar voru tilbúnir til að gefa tíma sinn til að leiðbeina ungu fólki um næstu skref á þeirra starfsferli. Ég held að svona mentorprógramm skipti miklu máli," sagði hann.

Þá ræddi Sigurður um nefndir félagsins og mikilvægi þeirra. Á síðasta ári bárust 51 mál til úrskurðarnefndar, sem kvað upp 31 úrskurð, og til laganefndar bárust 45 umsagnarbeiðnir frá nefndum Alþingis og ráðuneytum. Eitt af mikilvægum hlutverkum Lögmannafélagsins er að mæla fyrir réttarbotum og fóru nefndarmenn laganefndar alls átta sinnum fyrir fastanefndir Alþingis á síðasta ári.

Þetta var í síðasta skipti sem Sigurður flutti ársskýrslu félagsins og kvaddi hann með þeim orðum að honum þætti afskaplega vænt um félagið og að það hefði verið sér heiður að starfa

innan þess. Að því loknu þakkaði hann öllum þeim sem hefðu unnið með honum þessi ár, jafnt skrifstofu félagsins og þeim fjölmörgu lögmonnum sem hafa gefið tíma sinn til að taka þátt í starfi félagsins.

Rafrænir fundir og greiðsla árgjalds

Gerð var breyting á 3. mgr. 4. gr. samþykktá LMFÍ þannig að stjórn getur hér eftir ákveðið að félagsmennt geti tekið þátt í félagsfundum rafrænt, þ.m.t. greitt atkvæði án þess að vera á fundarstað.

Þá var einnig gerð sú breyting á 4. mgr. 18. gr. samþykktá félagsins, sem kvað á um að félagsmennt 70 ára og eldri þyrftu ekki að greiða árgjald og nýir félagar greiðu ekki árgjald á því almanaksári sem þeir yrðu félagsmennt. Hér eftir fæst einungis undanþága á greiðslu árgjalds á grundvelli 2. mgr. 19. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998 sem kveður á um að telji lögmaður sér ekki fært vegna aldurs eða heilsufars að hafa opna skrifstofu geti hann leitað undanþágu stjórnar LMFÍ.

Ástæður breytinganna liggja einkum í þeirri staðreynd að Lögmannafélagið er skylduaðildarfélag og lögbundið eftirlitshlutverk þess gagnvart félagsmonnum og kostun úrskurðarnefndar lögmanna, sem félagsgjöldum er m.a. ætlað að standa undir, er óháð aldri þeirra. Með sama hætti fela umræddar breytingar í sér að framvegis verða nýjum félagsmonnum gert að greiða árgjald frá þeim tíma sem mállutningsréttindi þeirra verða virk, en áður voru nýir félagsmennt undanþegnir greiðslu árgjalds á því ári sem þeir gerðust félagsmennt. Rökin að baki þessu eru í grundvallaratriðum þau sömu og gagnvart þeim félagsmonnum sem orðnir eru 70 ára.

Þá var samþykkt að hækka árgjaldið úr 83.000 krónum í 90.000 krónur. Er um að ræða 8,4% hækkun sem þó er töluvert undir þeim vísitöluhækkunum sem orðið hafa. Þrátt fyrir þetta má gera

ráð fyrir að rekstur félagsins verði í járnnum á næsta ári, m.a. vegna viðvarandi verðbólgu, samningsbundinna launahækkana og fækkunar félagsmanna sem hefur fækkað umtalsvert á árinu, á sama tíma og félagsmönnum hefur fjölgað sem ekki greiða árgjald sökum aldurs eða veikinda.

Ráðstöfun bókasafns

Samþykkt var tillaga stjórnar LMFÍ um að bókasafn félagsins verði lagt niður og ráðstafað með þeim fyrirvara að félagið haldi eftir þeim bókum sem nýtast kunna félaginu. Samþykkt var að hægt yrði að ráðstafa bókasafninu til háskólabókasafns endurgjaldslaust, bjóða safnið út í heilu lagi eða bjóða félagsmönnum að taka þær bækur sem þeir geti nýtt sér.

Ný stjórn

Stefán A. Svensson lögmaður hjá Juris var einn í kjöri til formanns og það sama gildir um tvo meðstjórnendur til tveggja ára; þær Hildi Ýr Viðarsdóttir lögmann hjá Landslögum og Sigrúnu

Helgu Jóhannsdóttur lögmann hjá VÍS. Í stjórn sitja áfram þau Eva Halldórsdóttir lögmaður hjá LLG lögmönnum og Magnús Hrafn Magnússon lögmann hjá Sigurjónsson & Thor.

Kosið var milli fjögurra lögmannna um sæti þriggja varamanna í stjórn. Þetta er í fyrsta skipti sem kosið var rafrænt hjá félaginu og tóku 225 félagsmenn þátt. Í varastjórn voru kosin Auður Björg Jónsdóttir lögmaður hjá JA lögmönnum, Gísli Guðni Hall lögmaður hjá Mörkinni og Guðmundur Ingvi Sigurðsson lögmaður hjá LEX lögmannsstofu.


Í lokin

Að þessu sinni var félagsmönnum boðið upp á að sækja fundinn í fjarfundi og þegar mest var hlustuðu um þrjátíu manns en í salnum á Hilton Reykjavík Nordica var álika stór hópur.

[Eyrún Ingadóttir](#) og [Ingimar Ingason](#)




FÉLAGSMÖNNUM FÆKKAR



Um miðjan maí 2024 voru félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands 1032 talsins en það er 3,6% fækkun frá sama tíma árið 2023 þegar félagsmenn voru 1071. Sé samsetning félagsmanna skoðuð út frá þeim dómstigum sem réttindi þeirra ná til, þá má sjá að fjöldi lögmannna sem flutt geta mál fyrir héraðsdómstólum er 658 og fjöldi lögmannna sem að auki hafa réttindi til málflyttings fyrir Landsrétti 89. Fjöldi félagsmanna sem flutt geta mál fyrir öllum dómstigum er svo 284. Þá starfar 1 meðlimur félagsins á grundvelli erlendra málflyttingsréttinda.

Alls eru 577 lögmen sjálfstætt starfandi eða 56% félagsmanna. Þá starfa 148 lögmen sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmannna og svarar það til 14% félagsmanna. Innanhússlögmen hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum eru nú 262 talsins eða 26%.



Af þeim starfa 72 hjá ríki eða sveitarfélögum og 190 hjá ýmsum fyrirtækjum og félagasamtökum. Fjöldi lögmannna sem ekki stunda lögmannsstörf vegna aldurs eða veikinda er 45 sem svarar til 4% af heildarfjölda félagsmanna.


Konur í lögmannastétt

Af félagsmönnum í Lögmannafélaginu eru 332 konur eða 32,2% félagsmanna og hefur hlutfallið aldrei verið hærra frá stofnun félagsins. Hlutfall kvenna meðal sjálfstætt starfandi lögmannna heldur áfram að hækka og er nú 42% á móti 40% árið 2023. Hlutfall kvenna sem starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmannna helst óbreytt milli ára og er 20%. Hins vegar hefur hlutfall kvenna sem starfa sem innanhússlögmen lækkað úr 28% árið 2023 í 26% í ár, en athygli vekur að lækkunin er alfarið meðal þeirra sem starfa hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Hlutfall kvenna sem hættar eru störfum vegna aldurs helst óbreytt milli árána 2023 og 2024, en það er 2%.

Af þeim 332 konum sem í dag hafa virk málflyttingsréttindi eru 266 með réttindi til málflyttings fyrir héraðsdómstólum og 21 auk þess með réttindi til málflyttings fyrir Landsrétti. Þá hafa 44 konur aflað sér réttinda til málflyttings fyrir Hæstarétti. Loks starfar 1 kona hér á landi á grundvelli erlendra málflyttingsréttinda.


Karlar í lögmannastétt

Af félagsmönnum eru 700 karlar. Af þeim hafa 392 aflað sér málflyttingsréttinda fyrir héraðsdómstólum og 68 að auki aflað



sér málflytningarréttinda fyrir Landsrétti. Loks hafa 240 karlar að auki öðlast málflytningarréttindi fyrir Hæstarétti.

Sé litið til starfstengdrar samsetningar karla í Lögmannafélaginu þá eru 439 þeirra sjálfstætt starfandi eða 63%, sem er hærra hlutfall en á árinu 2023 þegar það var 59%. Þá starfa 80 karlar eða 11% sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna, sem er nokkuð lægra hlutfall en á árinu 2023 þegar hlutfallið var 13%. Fjöldi karla sem starfa sem innanhússlögmenn er 141, sem svarar til 20% en hlutfallið var 21% á árinu 2023. Þá starfar 31 karl hjá ríki eða sveitarfélögum og 110 karlar hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum. Ólíkt þróun meðal kvenna í lögmannastétt þá hefur hlutfall karla lækkað hjá ríki og sveitarfélögum, þó svo aðeins sé um 1% breytingu að ræða. Fjöldi karla sem hættir eru störfum sökum aldurs eða veikinda er 40 eða 6%, sem er örlítill lækkun frá árinu 2023 þegar hlutfallið var 7%.




Aldursamsetning lögmanna

Af 1032 lögmönnum sem í dag eru félagsmenn í Lögmannafélaginu eru 558 yngri en 50 ára eða 54,1%, en til samanburðar var hlutfall þessa aldurshóps 56,3% á árinu 2023 (og 65,5% árið 2016). Breytingarnar eru hins vegar mismiklar eftir kynjum. Þannig hefur hlutfall karla undir 50 ára lækkað úr 52,2% árið 2023 niður í 49,3%. Á sama tíma hefur hlutfall kvenna á sama aldursbili lækkað úr 65,3% í 64,2%. Ljóst er því að lögmannastéttin heldur áfram að eldast.


Sé aldrudreifing félagsmanna skoðuð kemur í ljós að hlutfallslega flestir lögmenn eru á aldrinum 40 – 49 ára eða 30,6%. Hlutfall lögmanna í aldurshópnum 50-59 ára kemur þar á eftir með 23,4% og því næst lögmenn 30-39 ára með 21,8%. Til samanburðar var aldrurskiptingin þannig á árinu 2023 að stærsti hópurinn var líkt og nú á aldrinum 40 – 49 ára eða 29,6%, en því næst aldurshópurinn 30 – 39 ár með 23,8% hlutfalli og því næst aldurshópurinn 50 – 59 með 22,4%.

Aldursdreifing eftir kyni

Sé aldrudreifing skoðuð út frá kyni má sjá að hlutfall beggja kynja er hæst á aldursbilinu 40-49 ára eða 30,3% hjá körlum og 31,3% hjá konum. Hins vegar er munur á aldrudreifingu




kynjanna þegar kemur að öðru og þriðja sæti, þar sem karlar á aldrinum 50 – 59 ára eru í öðru sæti með 24% en hjá konum er það aldurshópurinn 30 – 39 ára sem er næst stærstur eða 30,1%. Dæmið snýst hins vegar við þegar þriðji stærsti aldurshópurinn er skoðaður, en þar eru það karlar á aldrinum 30 – 39 ára þar sem hlutfallið er 17,9% og svo konur á aldrinum 50 – 59 ára með 22% hlutfall.




Aldursdreifing út frá starfsvettvangi

Sé aldrudreifing skoðuð út frá starfsvettvangi má sjá umtalsverðan mun milli kynja og á það sérstaklega við í aldurshópnum undir 50 ára. Þannig starfa 55,9% karla undir 50 ára sjálfstætt á móti 29,1% kvenna. Dæmið snýst hins vegar við þegar skoðað er hlutfall lögmanna sem starfa sem



innanhússlögmenn þar sem 39,9% kvenna undir 50 ára eru innanhússlögmenn samanborið við 23,8% karla. Munurinn er hins vegar minnstur þegar skoðað er hlutfall þessa aldurshóps sem starfar sem fulltrúar á lögmannsstofum, þar sem 20,3% karla fylla þann hóp samanborið við 31% kvenna.

Munurinn milli kynja er hins vegar umtalsvert minni þegar horft er til starfsvettvangs lögmannna eldri en 50 ára. Þannig eru 69,3% karla í þessum hópi sjálfstætt starfandi og 63,9% kvenna. Hlutfall lögmannna í umræddum aldurhópi sem starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmannna er 2,8% hjá körlum en 1,7% hjá konum, en mesti munurinn kemur hins vegar fram hjá þeim sem starfa sem innanhússlögmenn, en nú starfa 16,6% karla eldri en 50 ára sem innanhússlögmenn samanborið við 30,3% kvenna.



Ingimar Ingason

Námskeið Lögmannafélags Íslands

Skipulagslög og lög um mannvirki – 24. sept. 2024

Farið yfir helstu reglur skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um mannvirki nr. 160/2010, málsmeðferð skipulagsáætlana, dóma og úrskurði.

Kennari Ívar Pálsson lögmaður hjá Landslögum.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.

Tími Alls 3 klst. Þriðjudagur 24. sept. 2024 kl. 9:00-12:00.

Verð kr. 25.200,- fyrir félagaga í félagsdeild LMFÍ, kr. 33.600,- fyrir félagaga í LMFÍ og LÍ en kr. 42.000,- fyrir aðra.

Aðgreining vægs heilaáverka, áfallastreitu og annars konar vanda í kjölfar slysa eða árása: Er þetta alltaf mögulegt? - 7. nóvember 2024

Erfitt getur verið að aðgreina einkenni vægs heilaáverka frá öðrum heilsufarsvanda. Taugasálfræðingar eru stundum fengnir til að aðstoða við slíkt mat ásamt öðrum. Á námskeiðinu verður fjallað um einkennaskörun vægs heilaáverka, krónískra verkja og áfallastreitu sem hafa lík einkenni sem oft er erfitt að sundurgreina. Mikilvægt er fyrir lögmennt að þekkja greiningarvandann sem getur komið upp þegar metnar eru afleiðingar slysa og árása.

Kennari María K. Jónsdóttir Ph.D., prófessor í sálfræði við Háskólann í Reykjavík og sérfræðingur í klínískri taugasálfræði (LSH - Landakot). María hefur ýmiskonar reynslu af heilaáverkum, bæði úr klínísku starfi, dóms- og matsmálum og rannsóknum.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími Alls 2 klst. Fimmtudagur 7. nóvember 2024, kl. 11.00-13.00.

Verð kr. 18.000,- fyrir félagaga í félagsdeild LMFÍ, kr. 24.000,- fyrir félagaga í LMFÍ og LÍ en kr. 30.000,- fyrir aðra.

Önnur námskeið á haustönn

- Hagnýt fjármál fyrirtækja – fjarnámskeið 24. og 29. október 2024
- Samfélagsmiðlar og stafræn sönnunargögn - 5. nóvember 2024
- Skiptastjórn þrotabúa - 3. og 5. des. 2024

Öll námskeið LMFÍ eru einnig í boði í fjarfundi nema annað sé tekið fram.

Nánari upplýsingar og skráning á www.lmfi.is

KONUR, LÖGMANNNSSTARFIÐ OG SAMFÉLAGIÐ

Á síðasta ári gerði LMFÍ könnun meðal lögmanna og vöknudu þá ýmsar spurningar um stöðu kvenna innan stéttarinnar. Í kjölfarið var kynjafræðinemi fenginn til að rýna í niðurstöðurnar út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og í tilefni þessa, ásamt því að FKL - Félag kvenna í lögmennsku er 20 ára, fengum við nokkra lögmenn til að setjast niður með Arnari Vilhjálmi Arnarsyni lögmanni hjá AVA Legal. Þetta eru þau Berglind Svavarsdóttir, lögmaður hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur og fv. formaður, Eva Dóra Kolbrúnardóttir, lögmaður hjá EVA Lögmenn og formaður FKL, Helga Melkorka Óttarsdóttir, lögmaður hjá LOGOS og Sigurður Örn Hilmarsson, lögmaður hjá Rétti og fv. formaður.

Af hverju hætta konurnar?

Arnar Vilhjálmur: *Niðurstöður könnunar LMFÍ á síðasta ári gefa sterklega til kynna að konur endist ekki í lögmennsku. Hvað veldur því?*

Berglind: Það er góð spurning. Þetta er líka svona á Norður- löndunum. Þar útskrifast fleiri konur úr lögfræði en karlar en þær skila sér ekki inn í lögmennsku frekar en hér.

Helga Melkorka: Maður veltir fyrir sér hvort konur séu bara minna spenntar fyrir lögmennsku. Við náum ekki að fjölga konum í LMFÍ í takti við fjölda útskrifaðra lögfræðinga. Ég hef oft sagt að það sé nauðsynlegt fyrir stéttina að konur komi inn og vilji vera þar. En konurnar staldra hins vegar stutt við og þar liggur e.t.v. hluti vandans. Ég veit ekki af hverju því þetta er áhugavert starf, fjölbreytt og skemmtilegt.

Berglind: Vinnuumhverfi lögmanna er krefjandi bæði fyrir bæði karla og konur. Það er ákveðin streita og endalausir tímafrestir sem hentar ekki öllum. Það virðist ekki vera sama brottfall kvenna hjá öðrum sjálfstætt starfandi greinum eins og innan lögmannastéttar. Ég hef aðeins velt því fyrir mér hvort þetta tengist því að áhættusækni karla sé meiri ef svo má segja og konur þurfi meira öryggi.

Eva Dóra: Það gæti verið. Konur eru meira með áhyggjur og karlar geta einhvern veginn stimplað sig meira út úr vinnunni.

Berglind: Svo er það óvissan með tekjuöflun, að vita kannski ekki alveg hvað maður ber úr bítum þennan mánuðinn. Þá sé betra að vera einhvers staðar annars staðar á föstum launum.

Er lögmennska nógu spennandi?

Arnar Vilhjálmur: *36% kvenna í LMFÍ eru innanhússlögmenn á móti 20% karla. Það eru ekki endilega minni starfskröfur gerðar til innanhússlögmanna svo ég velti fyrir mér hvort að ábyrgðin, sem þú berð sem lögmaður á öllum þínum verkum, geti einnig haft áhrif?*

Berglind: Nei, haldið þið það? Konur eru vanar því að axla ábyrgð.

Eva Dóra: Já, tvímælalaust.

Sigurður Örn: Mér fannst áhugavert að sjá í könnuninni að vinnutími innanhússlögmanna er lengri og þá spyr maður sig: Er lögmennska nógu spennandi vinnuumhverfi? Og ef svarið er nei, þá af hverju ekki?

Takturinn er auðvitað aðeins annar í innanhússlögmennsku, þó álagið geti verið svipað. Stóra áskorunin er held ég sú staðreynd að vinnuumhverfi lögmannstofunnar er svo víða. Það er enginn einn yfirmaður eða mannaúdsstjóri sem getur stýrt verklagi eða mótað stefnu sem mætir þörfum starfsmannanna. Kúnninn er með eigin hugmyndir um verklag og skilafresti og við það



Berglind Svavarsdóttir.

bætast svo dómstólarnir, lögreglan og aðrar stofnanir. Það þarf ekki nema forneskjulega afstöðu eins af þessum aðilum til að vinnuumhverfið verði fljótt óaðlaðandi. Þá skiptir auðvitað miklu máli að hinir eiginlegu yfirmenn á lögmannstofunum séu meðvitaðir um þetta, setji skýrar línur og aðstoði kollega sína við að setja viðeigandi mörk.

Helga Melkorka: Það má velta því fyrir sér af hverju fleiri körlum finnst starfið spennandi en konum.

Áhættusækni og óvissa

Arnar Vilhjálmur: *Getur verið að konur séu samvissusamari? Eru þær að gera meiri kröfur til sín í aðstæðum þar sem ákveðið kæruleysi er nauðsynlegt?*

Berglind: Já, ég held það. Við mætum vera betri við okkur sjálfar.

Helga Melkorka: Svo eru konur mun færri í eigendahópum lögmannsstofa.

Eva Dóra: Konur velja frekar öryggi. Ég útskrifaðist árið 2013 og þá fóru þrjár úr sama árgangi að vinna á stærri lögmannsstofum þar sem þurfti að skila ákveðnum tímafjölda á dag. Þær buguðust undan þessu. Við vitum sjálf, sem erum í lögmennsku, að vinnan fer mikið fram á kvöldin og um helgar. Þær sátu yfir þessu á kvöldin eftir úlfatímamann án þess að fá greidda sérstaklega fyrir yfirvinnu í tæplega tvö ár og fóru svo að vinna hjá ríkinu.

Sigurður Örn: Áhættusækni er eitthvað sem ég hef ekki velt fyrir mér, en það kann að vera að þetta sé einhver þáttur. Fæstir lögmennt búa að reglubundnum verkefnum og það er þessi stanslaus – oftast órókrétti ótti – við að síminn hætti einfaldlega



Sigurður Örn Hilmarsson.

að hringja. Við erum t.d. með fjórtán manns á launaskrá á minni stofu og ég hef takmarkaða innsýn í hver helstu verkefni þeirra verða eftir sex mánuði. Þó þessu fylgi óhjákvæmilega einhver óvissa er áhættan samt líklega ekki svo mikil í rekstri lögmannstofa samanborið við annan rekstur.

Helsta hlutverk lögmannna er að ráða umbjóðendum sínum heilt. Þar er samvissusemi, heiðarleiki og skynbragð á hugsanlegar áhættur auðvitað lykilatriði. Ég held að áhættusækni sé ekki endilega eftirsóknarverður eiginleiki í lögmanni.

Eva Dóra: Það koma alveg tímar þar sem ég velti fyrir mér: Af hverju er ég alltaf með hugann við vinnuna?

Berglind: Við skulum ekki gleyma því að það eru réttindi sem fylgja því að vinna hjá öðrum; sumarleyfi, stytting vinnuvikunnar, veikindaréttur ...

Sigurður Örn: Ég hef rætt þetta við ótal manns og stundum segja karlarnir í hálfkæringi að konurnar séu bara miklu klárari, þær hafi vit á því að hætta. Í því felst smá uppgjöf gagnvart viðfangsefninu. En lögmennskan á að vera starf fyrir alla sem hafa áhuga og getu til að sinna því. Lögmannafélög á Norðurlöndum eru að glíma við sama vandamál en hins vegar er þessu öfugt farið í baltnesku ríkjunum. Í Eistlandi eru fleiri konur lögmennt og enginn veit af hverju. Þar eru meira að segja komnar áhyggjur af því að þetta sé að verða kvennastétt.

Helga Melkorka: Ég man fyrir 20 árum þegar við stofnuðum Félag kvenna í lögmennsku þá veltum við fyrir okkur hvernig við gætum gert lögmennsku að meira spennandi starfsvettvangi. Okkur hefur hins vegar lítið miðað áfram á þessum tíma í þessu jafnréttismáli!



Helga Melkorka Óttarsdóttir.



Eva Dóra Kolbrúnardóttir.



Arnar Vilhjálmur Arnarson.

Af stjörnulögfræðingum og tengslaneti

Arnar Vilhjálmur: Á þessum 20 árum frá því FKL var stofnað hefur fjöldi kvenna í félaginu farið úr 29,8% í 32,2%. Það var einmitt markmið FKL að auka sýnileika kvenna í lögmennsku og fjölga þeim en árangurinn hefur látið á sér standa. Hafði þið einhverjar hugmyndir um hvað hægt að gera á þessari vegferð?

Berglind: Tilgangurinn með stofnun FKL var að efla tengslanet kvenna og það hefur tekist vel að mínu mati. Konur þurfa samt að vera öflugri í að koma sér á framfæri.

Eva Dóra: Tengslanetið skiptir miklu máli. Við sem erum í lögmennsku þurfum öll að eiga vin eða vinkonu til að hringja í til að styðja hvert annað í starfi.

Helga Melkorka: Það ætti að vera eftirsóknarverðara að vera í starfinu með gott tengslanet. Að vera á vinnustað og geta tekið spjall við kollega skiptir líka máli. Það liggur við að þetta sé réttindamál. Þetta ætti að vera stétt sem konur vilja vera í. Þær sinna hagsmunagæslu, eins og öllum þessum lögmennsstörfum, en hvernig birtist lögmennastéttin til dæmis í fjölmiðlum? Hef ekki gert úttekt á því en virðist sem karlar séu þar umtalsvert fleiri.

Eva Dóra: Ef þú ætlar á annað borð að vera í lögmennsku þá þarftu gera þér grein fyrir að þú gengur ekki út klukkan 16.00. Þú verður að gera ráð fyrir yfirvinnu sem og kvöld- og helgarvinnu. Þau sem komast út kl. 16.00 til að gera og græja hljóta að vera með tölvuna í fanginu öll kvöld!

Arnar Vilhjálmur: Einmitt, ég tengi við þetta. Öll kvöld, það er bara þannig!

Eva Dóra: Það eru ekki eingöngu konur sem kjósa að fara að vinna hjá fyrirtækjum eða stofnunum heldur einnig karlar og það er heldur ekki alltaf vinna frá 8.00 til 16.00 eins og margir halda. Að sjálfsögðu er yfirvinnan meira álagstengd eftir tímabilum, ákveðin skil eða eitthvað þannig og ekki eins endalaus eins og hjá okkur.

Samfélagið er annars staðar

Arnar Vilhjálmur: Á árunum 2014-2023 luku 516 lögfræðingar hdl. námskeiði, þar af 254 (49%) konur og 262 (51%) karlar. Af þessum hópi eru 132 konur (52%) með virk réttindi á meðan 164 karlar (63%) eru með virk réttindi. Það er 11% munur og hver er skýringin?

Helga Melkorka: Ég hef mikið velt þessu fyrir mér. Af hverju vilja konur síður vera í lögmennsku? Þær byrja en svo færa margar sig og gera eitthvað annað. Ég bara átta mig ekki á þessu. Álag fylgir starfinu og það er tímafrekt en það gildir líka um mörg önnur störf.

Berglind: Það er mikið álag víða, sjáid bara heilbrigðisstarfsmenn! Þar er engin smá ábyrgð!

Eva Dóra: Ég er sammála en svo má ekki gleyma því að það er margt jákvætt við að vera sjálfstæður lögmaður. En að vissu marki er það í orði en ekki á borði. Við erum ekki með sveigjanleika þegar við erum að undirbúa aðalmeðferð.

Helga Melkorka: Ég átta mig ekki á því hvað þetta er, það er víðast annars staðar álag. Svo er áhugavert að velta fyrir sér framtíð lögmennsku og lögfræðinga. Í dag kunna sumir að horfa frekar á eitthvað þverfaglegt, jafnvel læra lögfræði og eitthvað allt annað fag líka.

Berglind: Ég hugsa að þetta verði dálítið þannig í framtíðinni. Þú stjórnar því meira sjálf hvað þú lærir. Þverfaglegt nám er að verða miklu algengara.

Helga Melkorka: Kannski ætti LMFÍ að taka þessa umræðu svo lögmenn muni ekki sitja eftir! Við viljum líka fá þetta fólk inn í stéttina.

Sigurður Örn: Algjörlega. Lögmennsstéttin þarf að taka mið af samfélaginu sem hún starfar innan. Það má ekki verða þannig að lögmennska sé bara fyrir einhvern þröngan hóp fólks sem bindur bagga sína öðrum hnútum en samferðamenn sínir. Samfélagið er bara annars staðar og þá þarf að aðlaga sig. Það er ekki hægt að ætlast til að verklagið og vinnutíminn sé bara eins og fyrir 30 árum síðan. Þetta má ekki verða eins og einhvers konar hunger games, að vinnuumhverfið sé slæmt en ef þú lifir það nógu lengi verður þú eigandi enda enginn annar eftir sem lét bjóða sér þetta allt.

Fólk í dag hefur ákveðnar hugmyndir um hvernig það vill ráða sínu lífi. Ef vel er haldið á spöðunum held ég reyndar að lögmennskan geti verið mjög spennandi kostur. Starfið er mjög fjölbreytt og býður upp á þónokkurn sveigjanleika, bæði hvað varðar vinnutíma og hvar nákvæmlega vinnan er unnin. Á endanum snýst þetta um framlag. Ég gæti t.d. sjálfur nokkuð auðveldlega unnið einhverja mánuði í fjarvinnu erlendis, þó það sé ekki á dagskrá núna sökum skólagöngu barnanna.

Arnar Vilhjálmur: *Meðal þeirra sem fengu lögmennsréttindi árin 2014-2023 þá eru 25% kvenna sjálfstætt starfandi lögmenn en 43% karla. Hvað veldur þessum mun?*

Eva Dóra: Einfalda skýringin er sú að konum finnist þetta starf vera of mikil streita og álag að vinna sífellt undir tímapressu. Hvort sem um konu eða karl er að ræða, þá þarf að vera ákveðinn karakter til að fila sig í lögmennsku.

Berglind: Að vera innanhússlögmaður eða starfa hjá öðrum fylgir meira öryggi, fyrirsjáanleiki og réttindi. Væntanlega sækja konur meira í slíkt umhverfi.

Eva Dóra: Þú tekur ekki vinnuna eins mikið með þér heim.

Tækifæri og fæðingarorlof

Arnar Vilhjálmur: *Fá konur sömu tækifæri og karlar í lögmennsku? Til demis varðandi verkefni eða framgang í starfi? Nú er sem demni nýlega búið að breyta reglum um þrotabú sem konur í LMFÍ höfðu gagnrýnt.*

Berglind: Þetta er erfið spurning ... já, ég vil nú leyfa mér að halda að það séu jöfn tækifæri ... en kannski er það barnaskapur í mér. Ég fagna því að búið sé að breyta reglum um úthlutun þrotabúa enda voru það oft sömu aðilarnir sem fengu þrotabú og fáar konur þar á meðal. Ég held reyndar að þar hafi tengslanetið ráðið meiru en kynið.

Sigurður Örn: Ég held að það sé óhjákvæmilegt að viðurkenna að staðan er enn skökk. Enn eru eigendur á lögmennstofunum að stærstum hluta karlmenn. Það breytist ekki svo hratt þegar brottfallið er hvað mest eftir 5-10 ár í starfi, einmitt á þeim tíma þegar fólk er að koma sér upp fjölskyldu. Þar geta vinnustaðirnir haldið betur á spöðunum. En það er ekki nóg að það sé jafnræði inn á vinnustaðnum, það þarf líka að ná inn á heimilin.

Þá vantar líka fleiri mentora og fyrirmyndir. Í Svíþjóð tók t.d. ein stærsta lögmennstofan ákvörðun um að setja kynkvóta á nýja eigendur, einn á móti einum. Það er mjög drastísk ákvörðun, en þau töldu hana nauðsynlega og nú skilst mér að það sé bæði sátt og ánægja með þetta fyrirkomulag.

Eva Dóra: Við megum ekki gleyma að ræða um að konurnar fara í fæðingarorlof og karlarnir fá hraðari framgöngu í starfi. Þeir eru einnig ágengari að fá verkefni.

Berglind: Taka karlarnir ekki fæðingarorlof?

Helga Melkorka: Er þetta ekki eitthvað að jafnast út? Mér fannst reyndar um tíma að flestar héldu áfram eftir fyrsta barn en svo eftir annað barn þá breyttist stundum staðan.

Sigurður Örn: Þeir taka kannski fæðingarorlof en ég held að það skipti meira máli hvað gerist eftir það? Því miður. Konur taka lengra orlof og hvernig er staðan þegar þær koma til baka? Gaurarnir eru komnir í verkefni! Það skiptir máli hvernig tekið er á móti fólki þegar það kemur aftur til starfa, hvort heldur sem er eftir fæðingarorlof, veikindi eða framhaldsnám.

Berglind: Einhver verður að taka verkefni á meðan, það er hlutverk vinnuveitenda að sjá til þess að taka vel á móti viðkomandi þegar hann kemur til baka.

Á að leysa úr málum fyrir dómstólum

Arnar Vilhjálmur: *Vikulega eru lögmenn, karlar, í fjölmiðlum og ásynnd stéttarinnar er karllæg. Er eitthvað hægt að gera í því? Konur ættu að vera þriðjungur lögmanna í fjölmiðlum en þær sjást varla!*

Eva Dóra: Ónefndir lögmenn í sakamálum hlaupa sumir til fjölmiðla til að auglýsa sig með eigin hagsmuni að leiðarljósi, ekki

skjólstæðinga sinna, svo mikið er víst. Ég er talsvert í sakamálum og neita almennt að fara í viðtöl. Ég veit um fleiri konur í lögmennsku sem fara ekki í fjölmiðla með mál enda á að leysa úr þeim fyrir dómstólum!

Arnar Vilhjálmur: Í Bankastrætismálinu voru fjöldi lögmannna en aðeins ein kona - það var nú allur sýnileikinn!

Berglind: Konur verða líka að vera tilbúnar til að mæta í viðtöl. Bládamenn segja það gangi mjög illa að fá konur til að tjá sig.

Eva Dóra: Fyrirmyndir skipta máli og það skiptir máli að alls konar fólk sé í lögmennsku. En það sem mér þykir skipta mestu máli er að það sem lögmennt eru að ræða um í fjölmiðlum sé fræðilegt, málefnalegt og faglegt.

Helga Melkorka: Kanska er það ímynd stéttarinnar sem er hvað erfiðust. Lögmennt er karllæg, þetta hefur verið talin hefðbundin karlastétt og það hefur enn töluvert vægi. Það þarf að breytast.

KYNJAFRÆÐINEMI KÍKIR Á KARLASTÉTT

Eitthvað þarf að gera til að fleiri konur velji lögmenntu sem ævistarf og að karlastétt breytist. Skýr kynjamunur er á fjölmörgum þáttum lögmannsstarfsins og svo virðist sem karlar skuldbindi sig í starfi en konur reyni að samræma einkalíf og vinnu. Konur vinna minna - karlar meira, konur rukka minna - karlar meira, konur þéna minna - karlar meira og svo mætti lengi telja.

Þótt Ísland standi að mörgu leyti vel að vígi í jafnréttismálum þá skiptist vinnumarkaðurinn upp í kvenna- og karlastéttir. Rannsóknir sýna að kynjaskiptur vinnumarkaður er hagkvæmari körlum til dæmis varðandi launakjör og stjórnunarstöður. Auk þess gengur þeim betur að fóta sig í greinum sem teljast hefðbundin kvennastörf heldur en konum í hefðbundnum karlastörfum þar sem þær eru líklegri til að verða fyrir fordómum og áreitni.


Á vormisseri skoðaði Marianna Hlíf Jónasdóttir háskólanemi starfsaðstæður og kjör lögmannna á Íslandi út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum á námskeiðinu „Hagnýting jafnréttisfræða: Frá bróðurparti til systkinalags“, sem Finnborg Salome Steinþórsdóttir doktor og adjúntkt við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands kennir og byggir þessi grein á þeirri athugun.

Staðan kortlögð

Marianna Hlíf nýtti könnun LMFÍ, sem gerð var á síðasta ári, til að kortleggja stöðu kvenna innan lögmannastéttar með því að beina sjónum að kjörum, starfsaðstæðum og samspili vinnu og einkalífs lögmannna og að kerfislægum hindrunum sem vinnumarkaðurinn á sinn þátt í að viðhalda. Í lokin kom hún svo með tillögur að breytingum til að vinna að framgangi jafnréttismála innan stéttarinnar.

Heimilisábyrgð og vinna

Rannsóknir hafa sýnt að konur draga frekar úr launaðri vinnu til að sinna störfum innan heimilis og vinna að meðaltali færri stundir á viku en karlar. Þetta leiðir svo aftur til kynjamisréttis á vinnumarkaði. Konur innan LMFÍ vinna að meðaltali einum vinnudegi færri á mánuði og selja út þremur klukkustundum



Það kemur á óvart í könnun LMFÍ hve stórt hlutfall lögmanna telur samspil vinnu og einkalífs ganga vel enda bendir ýmislegt til þess að margt megi betur fara. Fjölskylduábyrgðin virðist enn liggja meira hjá konum en körlum.

minna á mánuði en karlar. Þær eru með lægra tímagjald og með rúmlega 100 þúsund króna lægri mánaðarlaun. Mestur munur er 11% hjá fulltrúum, hjá innanhússlögmönnum er munurinn 9% og 8% hjá sjálfstætt starfandi lögmönnum. Til samanburðar má geta þess að samkvæmt Hagstofu Íslands var óleiðréttur launamunur kynjanna 9,1% árið 2022.

Gera má ráð fyrir að færri vinnustundir og þar með lægri laun hjá konum í lögmennastétt séu afleiðing meiri heimilis- og fjölskylduábyrgðar. Þar hallar á karla sem þurfa að vinna fleiri vinnustundir í stað þess að taka ábyrgð á fjölskyldulífinu til jafns á við maka sína. Þar geta vinnustaðir stigið inn og gert öllum starfsmönnum kleift að samræma vinnu og einkalíf. Það er til dæmis hægt að gera með því að móta fjölskyldustefnu sem hluta af stefnumótun í mannauðsmálum.

Starfsumhverfi

Starfsumhverfi lögmennsstofa virðist henta konum verr en starf hjá fyrirtækjum og stofnunum en þær sækja mun meira í innanhússlögmennsku. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir sem hafa sýnt fram á að karlar séu mun líklegri til að vera sjálfstætt starfandi lögmenn en konur líklegri til að starfa hjá fyrirtækjum eða hinu opinbera.

Í fyrrnefndri könnun LMFÍ merktu 47% kvenna en 23% karla, sem höfðu hætt að starfa á lögmennsstofu, við að þau teldu starfið ekki nógu fjölskylduvænt en karlarnir gátu frekar hugsað sér að starfa aftur á lögmennsstofu. Velta má upp hvort til séu leiðir til að gera starf lögmanna á lögmennsstofum fjölskylduvænna. Er

t.d. vinnutími lögmanna á stofum nógu sveigjanlegur? Er hugað nógu mikið að starfsaðstæðum lögmanna? Hvað er til ráða?

Konur innan karlastétta

Konur innan karlastétta mæta fjölbreyttum hindrunum sem rekja má til áhrifa kynjakerfisins. Til að uppræta það innan lögmennastéttar þarf að bregðast við misrétti en meðal þeirra tillagna sem Marianna lagði til var að gera konur innan LMFÍ sýnilegri, gæta þess að konur fái sömu tækifæri og karlar innan stéttarinnar, hvetja lögmennsstofur til að tileinka sér starfshætti sem ögra staðalímyndum, stuðla að launajafnrétti kynjanna og koma í veg fyrir að körlum innan stéttar sé umbunað umfram konum.

Þess má svo geta að „glerþakið“ ósýnilega hamlar konum í lögmennastétt en þær þurfa að hafa meira fyrir ímynd sinni og trúverðugleika og mæta annars konar viðmóti heldur en karlar. Skýrsla Maríönnu Hlífur er aðgengileg á heimasíðu LMFÍ.

[Eyrún Ingadóttir](#)



Gunnar Jakobsson sagði að mentorprógramm gæti verið gríðarlega öflugt verkfæri; „Það sem maður leggur inn í svona samband er það sem ræður því hverju það skilar og það að vera „mentee“, eða vera mentor, er lærdómsferli,“ sagði hann.

MENTORPRÓGRAMM LÍ OG LMFÍ

Í vor byrjaði Lögmannafélagið með mentorprógramm í samstarfi við Lögfræðingafélagið sem hefur verið með slíkt verkefni í gangi frá því í ársbyrjun 2018 við góðan orðstír. Prógramminu er ætlað að koma til móts við unga lögfræðinga og lögmenn til að efla frekar tengsl innan stéttar og vilja spegla sig í þekkingu reynslumeiri lögfræðinga eða lögmanna. Í ár hafa 16 þátttakendur fengið mentora á vegum félaganna tveggja en áformað er að hafa prógrammið í gangi allan ársins hring hér eftir.

Margir lögmenn kannast sjálfsgagt við að hafa í upphafi ferils síns verið með fyrirmyndir í starfi sem hafi jafnvel haft djúpstæð áhrif á þá og þeirra starfsferil. Oft hafa þetta verið einhverjir eldri og reyndari lögmenn sem hægt hefur verið að leita til með álitaefni og spurningar. Mentorprógramm LÍ og LMFÍ er einmitt ætlað að koma til móts við þau sem eru að hefja störf og vonandi á það eftir að hafa góð áhrif. Verkefnið á sér fyrirmynd frá Djöf í Danmörku sem hefur ríflega 500 mentora innan sinna raða.

Reynsla af mentor í USA

Mikil hefð er fyrir mentorprógrömmum hjá bandarískum fyrirtækjum og á upphafsfunði verkefnisins í apríl síðastliðnum sagði Gunnar Jakobsson fv. varaseðlabankastjóri frá reynslu sinni

af þeim en hann vann hjá fjárfestingarbankanum Goldman Sachs í tæplega 20 ár. Þar var mikið lagt upp úr starfsþróun starfsfólks og leitast við að nýta þá þekkingu og reynslu sem mannauður fyrirtækisins bjó yfir. Var þar um að ræða mentorsambönd en einnig gátu starfsmenn gegn hlutiverki starfsþjálfara (e. coach) eða bakhjarls (e. sponsor) fyrir aðra innan fyrirtækisins. Gunnar sagði reyndari starfsmenn einnig hafa fengið mentora sem voru nýkomnir úr háskóla til að kenna þeim að nota samfélagsmiðla svo dæmi sé tekið. Hvatt var til þess að vera með net mentora til lengri eða skemmri tíma og að það hefði verið gagnlegt að hafa einhvern á vinnustað sem hægt var að spegla sig í: „Á tímabili var ég með fimm til sex mismunandi mentora en ég held að á þessum 20 árum sem ég vann hjá fyrirtækinu hafi ég haft um

30 mismunandi mentora, summa stutt en aðra í nokkur ár. Þetta var hluti af starfsmenningunni og eitt af því sem ég tók með mér þegar ég hætti,“ sagði Gunnar.

Gunnar sagði að hann hefði hitt mentorana sína reglulega í byrjun á meðan þau voru að kynnst en svo sjaldnar eftir að búið var að byggja upp sambandið: „Það er best að byrja af krafti en láta svo þörfina ráða för. Þegar dagskráin tæmist, þ.e. að báðir aðilar eru búnir að fá það út úr sambandi sem reikna má með, getur það annað hvort endað eða breyst yfir í vinasamband“, sagði Gunnar og ítrekaði það að „mentee“ yrði að vera með dagskrárvaldið og eiga frumkvæði að því að boða fundi.

Gunnar gaf bæði mentorum og þátttakendum góð ráð á fundinum og meðal annars ráðlagði hann mentorunum að beita virkri hlustun; „Það er freistandi fyrir okkur sem höfum reynsluna að koma með svörin og reyna að leysa úr þeim áskorunum sem „mentee“ stendur frammi fyrir. Við höfum þekkinguna“. Það er hins vegar heppilegra að „mentee“ þurfi sjálf að draga sínar ályktanir og komast að niðurstöðu“ sagði hann.

Hlutverk mentors

Mentor býður fram krafta sína til að miðla af eigin þekkingu og reynslu. Hann á að vera leiðbeinandi en ekki að stýra umræðunni og vera til staðar til að taka á móti hugleiðingum og spurningum. Mentorinn á ekki að vera kennari heldur leyfa þátttakandanum að spegla sig í reynslu sinni. Mentor á að spyrja, hlusta og endurtaka, spyrja frekar til baka en að svara spurningum. Þó vissulega komi upp þær aðstæður þar sem mentor svara spurningum beint.

Mentorprógrammið er ekki ætlað til að aðstoða þátttakendur við að fá annað starf eða til að mentorinn sé umsagnaraðili fyrir atvinnuleit. Hlutverk mentors er meira að hvetja, gefa góð ráð, styðja, velta upp stefnu og hverrar þjálfunar sé þörf.

Hlutverk þátttakanda

„Mentee“, eða þátttakandi, getur búist við því að fá einhvern til að leiðbeina sér við að spyrja réttu spurninganna en verður að muna að mentorinn hefur ekki endilega réttu svörin. Ábyrgðin á sambandi mentors og þátttakanda er hjá þeim síðarnefnda en hann á að vera með dagskrárvaldið þar sem sambandið



Alhliða, umhverfsvottuð prentþjónusta

Skemmuvegi 4, blá gata | 200 Kópavogi | S: 540 1800 | litlaprent@litlaprent.is | litlaprent.is

er á hans forsendum. Þátttakandi þarf að velta fyrir sér hvað hann geti lært af mentornum og á ekki að vera þiggjandi sem mætir einungis og hlustar. Mælt er með því að þátttakandinn haldi dagbók til að læra af ferlinu; skrifi niður hvað var rætt á fundi, hvers vegna og hvaða þekkingu viðkomandi er að koma með að borðinu. Gott er að fara fljótlega yfir, eftir fund með mentornum, hvað var það helsta sem þar kom fram og hvaða lærdóm megi draga af því.

Það getur verið erfitt að leita til einhvers sem maður veit að er mjög upptekinn en þátttakandi þarf engu að síður að vera með frumkvæði að fundum og hafa stjórnina. Hann þarf að muna að mentorinn bauð sig fram til að sinna verkefninu.

Stundum ná þátttakandi og mentor engan veginn saman og svo geta aðstæður breyst. Það er engin skylda að halda áfram með verkefnið og þátttakandi og mentor geta hætt hvenær sem er.

Skipulag funda

Það sem mentor getur aðstoðað þátttakanda með eru spurningarnar: Hvað vil ég? Hvers vegna? Hvernig kemst ég þangað? Hvenær?

Viðmiðið er að verkefnið standi næstu átta mánuði og að á þeim tíma hittist mentor og þátttakandi fjórum sinnum eða verði í sambandi með öðrum hætti. Ekki þarf alltaf að hittast í eigin persónu og samskipti geta verið í tölvupóstum sem og samfélagsmiðlum, bara eftir því sem hentar best.

Gott er að setja sér markmið í upphafi um hvað viðkomandi ætlar sér að reyna fá út úr verkefninu og muna að það tekur smá tíma að byggja upp tengsl. Á fyrsta fundi getur mentor til dæmis farið yfir starfsferil sinn og hvað hafi nýst vel á þeirri leið. Þátttakandi fer yfir starfsreynslu sína og tiltekur hvert hann langar að stefna. Að því loknu setja mentor og þátttakandi sér markmið um hvað þeir vilja sjá koma úr samstarfinu.

Mikilvægt að skilgreina verkefnið sem framundan er á fyrsta fundi og velta upp hver vegferðin eigi að vera næstu mánuði. Þátttakendur geta til dæmis velt upp spurningum um þróun í núverandi starfi, hvort eigi að skoða nýjan starfsvettvang eða hvort að framhaldsnám sé góður kostur.

Á næstu fundum geta svo mentor og þátttakandi farið yfir þau svið lögfræðinnar sem vekur mestan áhuga hjá þátttakanda og hvort þau geti leitt til starfsþróunar. Mentor fer yfir starfsumsóknir ef þátttakandi er að hugleiða að sækja um nýtt starf og eins er áhugavert að velta fyrir sér framgangi í núverandi starfi, samskiptum á vinnustað og við viðskiptavini eða skjólstaðinga.



Sigurður Örn Hilmarsson formaður LMFÍ sagðist vera mjög ánægður með að komið væri mentorprogrammi hjá LMFÍ eins og verið hefur hjá Lí síðustu ár. „Ég var svo gæfusamur að fá mentor og fékk notið ráðgjafar reynslumikilla lögmanna varðandi starfið. Ég vil nota tækifærið og þakka Lögfræðingafélaginu fyrir að hafa frumkvæði að þessu verkefni,“ sagði hann.


Þá getur þátttakandi gert svokallaða SVÓT greiningu en það byggist á því að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri sem hann stendur frammi fyrir gagnvart því að ná markmiðum í starfi.

Ávinningurinn

Ávinningur af því að fá mentor getur verið mikill fyrir ungan lögmann og eykur einnig á tengsl innan stéttar. Þegar þátttakandi sækir um að fá mentor þá setur hann fram óskir um áhugasvið og hvaða eiginleika mentor þurfi að búa yfir. Mentorinn er síðan valinn með það í huga að hann geti komið til móts við þarfir hans. En þrátt fyrir að ávinningurinn af prógramminu sé oft mikill fyrir þátttakandann þá er það svo að mentorar telja sig líka oft læra margt gagnlegt af þátttakendum.

Margir lögmenn eru tilbúnir að gefa af tíma sínum og vera mentorar og það er auðlegð sem við höfum ekki verið að nýta fram að þessu. Mikilvægt er að hafa í huga að það er ekki ein rétt leið, leiðirnar að settu markmiði eru eins margar eins og þátttakendurnir í prógramminu.

[Eyrún Ingadóttir](#)



HJÖRTUR TORFASON ER FÆDDUR 19. SEPTEMBER 1935. HANN LAUK STÚDENTSPRÓFI FRÁ MR 1954 OG EMBÆTTISPRÓFI Í LÖGFRÆÐI FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS ÁRIÐ 1960. HJÖRTUR STUNDAÐI FRAMHALDSNÁM VIÐ LAGAEILD UNIVERSITY OF TORONTO Í KANADA 1961-1963. HANN VARÐ HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR ÁRIÐ 1960 OG HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR 1966. ÞÁ VARÐ HJÖRTUR LÖGGILTUR SKJALAPÝÐANDI Í ENSKU ÁRIÐ 1968.

HJÖRTUR BYRJAÐI LÖGMANNSSTÖRF Á MÁLFLUTNINGSSKRIFSTOFU GEIRS HALLGRÍMSSONAR, EYJÓLFS KONRÁÐS JÓNSSONAR OG JÓNS MAGNÚSSONAR EN VARÐ SÍÐAN MEÐEIGANDI STOFUNNAR ÁSAMT ÞEIM EYJÓLFI KONRÁÐI OG JÓNI. SÍÐAR KOMU ÞEIR SIGURÐUR SIGURÐSSON, SIGURÐUR HAFSTEIN, ÞORVALDUR TRYGGVASON OG ÞÓRÐUR S. GUNNARSSON Í EIGENDAHOPIÐ.

HJÖRTUR VAR SKIPAÐUR DÓMARI VIÐ HÆSTARÉTT ÁRIÐ 1990 OG STARFAÐI VIÐ RÉTTINN TIL ÁRSINS 2001.

HJÖRTUR KVÆNTIST NÖNNU ÞORLÁKSDÓTTUR FV. HJÚKRUNARRITARA ÁRIÐ 1958 OG EIGA ÞAU ÞRjú BÖRN; TORFA, LOGA OG MARGRÉTI HELGU OG FIMM BARNABÖRN.

LÖGFRÆÐIN EITTHVAÐ TIL AÐ HALDA SÉR Í

Hjörtur Torfason hefur ennþá brennandi áhuga á lögfræði. Hann mætir á fræðafundi innan lögfræðingasamfélagsins og lætur til sín taka. Nú er hann að mestu hættur að praktisera og vinna að þýðingum enda að nálgast 89. afmælisdaginn.

Faðir þinn var lögfræðingur og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum í gegnum sína starfstíð, blundaði alltaf í þér að feta í fótspor hans?

Nei, ekkert endilega en ég bar mikla virðingu fyrir störfum hans. Pabbi var mjög vinnusamur og sagði stundum, trúr bóndanum í brjósti sér, að sumardagurinn fyrsti væri líklega eini dagurinn sem hann héldi heilagan. Þegar ég fæddist var hann sýslumaður á Ísafirði en árið 1943 var hann skipaður tollstjóri og við fluttum til Reykjavíkur. Svo var hann fljótlega skipaður sáttasemjari í vinnudeilum og gegndi því starfi í áratugi.

Ég var óbeint undir áhrifum frá föður mínum og störfum hans en ég hafði líka áhuga á pólitík á þessum árum. Þannig velti ég fyrir mér að fara frekar í hagfræði en við nánari umhugsun komst ég að þeirri niðurstöðu að hentugra væri fyrir mig að

fara í lögfræðina því að í lögunum hefði maður eitthvað til að halda sér í en hagfræðin væri meira á floti. Ég sé ekki eftir því.

Þú stundaðir líka latínunám samhliða laganámi við Háskóla Íslands. Hvað kom til?

Ég var máladeildarmaður og hafði gaman af latínu, sem Kristinn Ármannson kenndi í MR. Hann var einnig kennari í háskólanum svo það var auðvelt að halda áfram en ég tók bara eitt ár af þremur og lét það duga. Latínukunnáttan varð mér hjálpleg á ýmsan hátt.

Hvað kom til að þú fórst í framhaldsnám til Kanada?

Ég útskrifaðist úr lögfræði árið 1960 og þóttist finna að tímarnir væru að breytast. Fram að því voru tiltölulega fáir eigendur fyrirtækja með náinn stuðning frá lögmonnum og þeim dugði oftast að tala við bókhaldarann og endurskoðandann. Ég ákvað að fara í framhaldsnám á sviði félaga- og viðskiptaréttar. Ég vildi fara til enskumælandi lands og á þessum tíma var hægt að fá svokallaðan Canada Council styrk í Kanada, auk styrkja til Bandaríkjanna sem ekki voru á lausu. Ég sótti um



Fæðgar í framkvæmdum. Hjörtur með föður sínum, Torfa Hjartarsyni, við sumarbústað fjölskyldunnar á Ísafirði á fjórða áratugnum.

Kanadastyrkinn og sumpart var það vegna góðra meðmæla frá Ármanni Snævarr sem ég fékk hann.

Skemmtilegur kennari hafði áhrif

Ég var þá kominn með fjölskyldu en elsti sonur okkar Nönnu, Torfi, var fæddur og þau fóru með mér út til Toronto þar sem ég settist í endurskipulagða lagadeild háskólans. Þetta var góður tími en það var nýbúið að stofna Íslendingaklúbbinn „Toronto Icelandic Club“ sem að miklu leyti var skipaður konum sem höfðu flutt þangað með eiginmönnum sínum sem þær höfðu kynnst á stríðsárunum hér heima. Ein þeirra var Þóra Hallgrímsson Fawdry, dóttir séra Friðriks dómkirkjuprests. Hún reyndist okkur litlu fjölskyldunni afar vel og okkur þótti mjög vænt um hana.

Ég fór út með það í huga að afla mér meiri þekkingar í félaga- og viðskiptarétti en svo vildi til að deildarforseti lagadeildar, Cecil B. Wright, var einn fremsti sérfræðingur Kanada í skaðabótarétti og einkar skemmtilegur kennari. Það varð til þess að ég tók skaðabótaréttinn inn í dæmið og ákvað að skrifa lokaritgerðina á því sviði. Í breskum rétti hafði dómur frá 1921 lengi verið talinn eitt helsta fordæmið um það hvaða afleiðingar slyss væru bótahæfar, en nýlega hafði House of Lords kveðið upp dóm sem gekk í gagnstæða átt. Ætlunin var að gera samanburð á þessum dómum og áhrifum þeirra, en í reynd var þetta opið verkefni sem ég fór alltof langt með. Svo var ég kominn heim í krefjandi starf og náði aldrei að ljúka við ritgerðina. Hér við bættist að Wright deildarforseti var orðinn alvarlega veikur og átti skammt ólifað. Þegar ég spurði hvernig honum litist á efnið sem ég hafði þá sent honum svaraði hann einfaldlega: „Just keep up the good work.“ Það urðu síðustu skilaboðin okkar í milli.

Þú varðst löggiltur skjalapýðandi í ensku, hvers vegna sóttir þú þér þau réttindi?

Þegar ég kom heim fór ég að vinna við samninga þar sem verulegur hluti vinnunnar var að semja hliðsetta texta á ensku og íslensku og svo voru líka viðskiptaskilmálar sem þurfti að þýða á íslensku, m.a. fyrir IBM. Þessi lögfræðivinna á tveimur tungumálum varð til þess að það lá beint við að öðlast þessi réttindi og það styrkti mína stöðu.

Örlogaríkt símtal

Í lögmannsstörfum þínum komstu mikið að samningagerð vegna stóriðjuframkvæmda í árdaga þeirra á Íslandi, s.s. álvers ÍSALs í Straumsvík, Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn og Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Hvað kom til að leitað var til þín?

Þegar ég var nýkominn frá Kanada var til athugunar að stofna olíuhreinsunarstöð hér heima og Eyjólfur Konráð, yfirmaður minn, var áhugasamur um það verkefni, og jafnframt tengdist það verksviði Stóriðjunefndar, sem Jóhannes Nordal veitti forystu. Jóhannes sá að ég var vel ritfær á ensku auk þess sem námið frá Kanada nýttist vel. Í ársbyrjun 1964 hringdi Jóhannes svo í mig og spurði hvort ég gæti tekið að mér að vinna við samningsgerð um virkjun Þjórsár við Búrfell með láni frá Alþjóðabankanum og orkusölu til álvers, í framhaldi af starfi Stóriðjunefndar að því máli. Í desember 1964 var svo haldinn viðuræðufundur í Zürich með forstjórum Alusuisse, sem gaf jákvæð fyrirheit. Fulltrúar Íslands þar voru Jóhannes Nordal, Eiríkur Briem forstjóri Rarik og Steingrímur Hermannsson þá framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs ríkisins, og við Gunnar Sigurðsson verkfræðingur tókum þátt, til aðstoðar og fróðleiks. Jóhann Hafstein iðnaðarráðherra féllst á það eftir fundinn að samningsgrundvöllur gæti verið í sjónmáli, og skipaði hann þá þremmenningana í samninganefnd, með okkur Gunnar að aðstoðarmönnum.

Þetta símtal hefur markað starfsbraut þína?

Jú, þetta voru umfangsmikil verkefni og urðu til þess að ég varð „utanhúss“ lögmaður Landsvirkjunar, Rarik og iðnaðarráðuneytisins í kjölfarið. Heildarlega urðu áhrifin þau að starfstími minn fór meira í samningsgerð og ýmsa aðstoð við skjólstæðinga en í málflutning fyrir dómstólum. Ég á margar góðar minningar um fólk og fyrirtæki sem leituðu til mín, en einnig fékk ég tækifæri til að flytja áhugaverð dómsmál, stór og smá.

Þú varst lögfræðilegur ráðunautur Landsvirkjunar í áratugi. Hvað kom til að þú tókst aftur við þeim störfum þegar þú hættir í Hæstarétti?

Þegar ég hætti dómastörfum vildi þannig til að Landsvirkjun var að byrja undirbúning Kárahnjúkavirkjunar og í gangi voru viðuræður við Norsk Hydro um að byggja álver fyrir austan.



Meðal starfa hæstaréttardómara var að vera við innsetningar forseta Íslands. Hjörtur og Nanna Þorláksdóttir þrúðbúin við síðustu innsetningu Vigdísar Finnbogadóttur 1992.

Baldur Guðlaugsson, sem hafði tekið við vinnu minni þegar ég fór í Hæstarétt, varð ráðuneytisstjóri á þessum tíma svo það vantaði lögmann í þessi sömu störf og ég hafði verið að vinna að áður en ég fór. Ég ákvað að stökkva til en þetta var mjög skemmtileg vinna, þó svo virkjunin væri umdeild, og tók mörg ár. Fyrstu þrjú árin fóru í að gera samninga vegna rafmagnssölu til álversins, endanlega við Alcoa. Svo tóku við verksamningar, einkum við ítalska fyrirtækið Impregilo sem tók að sér hættusömustu verkin, byggingu stíflunnar í Jökulsá á Brú og hin löngu jarðgöng frá lóninu þar yfir í Lagarfljót. Þetta voru erfiðir verksamningar sem ég fékk að sinna með verkfræðingnum Jóhanni heitnum Kröyer, móðurfrænda mínum frá Hrísey.

Dómarastörfin áhugaverð

Hvað kom til að þú yfirgafst lögmannsstarfið fyrir dómaraæti?

Við Benedikt Blöndal skólabróðir minn fengum báðir þá bakteríu á 9. áratugnum að stefna á að verða dómara í Hæstarétti. Benedikt fékk skipun á undan mér en á sama tíma vantaði dómara vegna veikinda og ég var settur dómari frá 20. febrúar til 30. júní 1988. Þegar áfram vantaði dómara tímabundið sagðist ég ekki geta verið lengur frá lögfræðistofunni og þá



var Haraldur Henrýsson settur tímabundið. Hann hafði áður verið í sakadómi og stuttu síðar, þegar staða losnaði, var hann svo skipaður. Þegar Magnús Thoroddsen sagði af sér þá var ég skipaður dómari í hans stað. Það var sárt að þurfa að taka við af honum, en Gaukur Jörundsson skólabróðir okkar beggja sagði að ég yrði bara að bíta á jaxlinn.

Svo þarf ég að nefna að Arnljótur Björnsson prófessor, enn einn skólabróðir okkar, var heimavanur í Hæstarétti sem varadómari og var að lokum skipaður í réttinn skömmu á eftir mér. Þá vorum við orðnir fimm stúdentar frá MR 1954, sem urðu dómara við Hæstarétt og hlýtur það að vera met. En við sátum þar ekki allir á sama tíma og kannski taldist það til þjóðarheilla, þó að við hefðum verið ágætir saman – ekki alltaf sammála, en með virðingu hver fyrir öðrum.

Hvernig fannst þér að vera dómari í samanburði við lögmannsstörfin?

Mér fundust dómaraæti áhugaverð og ábyrgðarmikil og ég held að reynsla mín af lögmennskunni hafi haft jákvæð áhrif á störf mín. Þannig var mér auðvelt að líta á málsaðila sem skjólstæðinga, er sinna þyrfti af samviskusemi og virðingu.



Hjörtur fór á fund Feneyjanefndar Evrópuráðsins nú í júní.

Í bókinni Hæstiréttur í hundrað ár kemur fram að tveir dómarmar hafi skorid sig úr með sératkvæði í þessi hundrað ár, þú og Jón Steinar Gunnlaugsson, með um og yfir 30 sératkvæði á ári. Fannst þú fyrir skoðanamun á túlkun laga í Hæstarétti?

Ég skrifaði oft lengri röksemdatexta en almennt var gert í dómum þegar ég hafði framsögn og lenti oft í því gagnvart samstarfsmönnum að þeim þótti nóg komið. Ég var vanur smámunasemi í samningum, að loka fyrir öll göt. Ég vildi oft að sá sem tapaði máli sæi að það hefði verið hlustað á hans rök en þeir voru nú ekki alltaf hrifnir af þessu og töldu mig vera að slá úr og í. Ég las líka texta félaga minna af kostgæfni og var ekki sístur í að gera athugasemdir, sem gátu leitt til þess að lengri tími færi í að ræða endanlegt orðalag.

Um sératkvæðin átti það oftast við að ég hafði hreinlega aðra skoðun á lögnum en félagar mínir í sumum málaflökkum. Þar á meðal voru mál um örorkubætur vegna vinnuslysa, þar sem ég taldi eðlilegt að grunnábyrgðin lægi hjá vinnuveitanda, sem ætti að skipuleggja vinnuna og væri að fela starfsmönnum að taka áhættu sér í hag. Þessi mál voru fjölmörg og dæmd í fimm manna dómi vegna þess að um háar upphæðir væri að tefla, þar til félagarnir sáu að með því að beina málunum í þriggja manna dóm vegna einfaldra málavaxta gátu þeir losnað við kvabb mitt í þágu hinna slösuðu starfsmanna.

Hið sorglega er að viðhorf meirihlutans til vinnuslysa leiddi til þess að breyta þurfti skaðabótalögum árið 2009, væntanlega

vegna þrýstings frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), þó að þess sjáist ekki merki í greinargerð með lagafrumvarpinu. Með lögnum var höggvið skarð í þá meginreglu, að um ákvörðun skaðabótaskyldu væru það dómstólarnir sem valdið hefðu án beinna afskipta löggjafans.

Ég var líka oftast aktífur þegar mál voru flutt og spurði mikið í dómsal eins og Jón Steinar mun hafa gert síðar. Þetta stuðlaði að því að félagarnir töldu mig ekki nógu formfastan.

Í lokin: Ertu enn að praktisera?

Ég get því miður ekki sagt það. Ég keyrði mig í hálfgerð þrot fyrir tveimur árum en vann fram að því á skrifstofu heima, aðallega í þýðingum en var þó smávegis í lögfræðistörfum. Ég reyndi líka að fylgjast með störfum Feneyjanefndar Evrópuráðsins (the Venice Commission) en þar var ég fastafulltrúi Íslands í mörg ár meðfram dómaraströfunum og er enn varafulltrúi. Ég sótti fjölmarga fundi í Feneyjum og víða í löndum Austur-Evrópu sem þurftu aðstoð við að breyta lögum í lýðræðisátt eftir fall Berlínarmúrsins. Ég fylgdist með fjarfundum á Covidtímanum og er nú á leið til Feneyja á júnífund nefndarinnar eftir langa fjarveru. Það verður gaman og gefandi að hitta aftur gamla félaga og kynnast nýjum. Ætli ég verði ekki aldursforseti þessa fundar!

Eyrún Ingadóttir



Gestgjafi ráðstefnunnar var Jón Sigurðsson lögmaður.
(Ljósmynd: Marinó Flóvent)



Alls sóttu 540 lögmenn frá Evrópu ráðstefnu EELA á Íslandi.

EELA RÁÐSTEFNA Í HÖRPU

Í byrjun júní hélt EELA, stærstu samtök vinnuréttarlögmanna í Evrópu, sína árlegu ráðstefnu í Reykjavík. Í samtökunum eru 1.500 félagar frá nánast öllum löndum sem tilheyra Evrópusambandinu og EFTA, þ.m.t. frá Noregi, Sviss og Íslandi. Á hverju ári er haldin stór ráðstefna í einhverju af þeim löndum en einnig er minni ráðstefna haldin í Brussel í nóvember ár hvert. Alls mættu 540 lögfræðingar á ráðstefnuna, sem haldin var í Hörpu, og var Jón Sigurðsson lögmaður, sem er stjórnarmaður fyrir Ísland, í hlutverki gestgjafans.

Ráðstefnan hófst fimmtudaginn 6. júní með fundi vinnuréttarfélaga hvers lands sem á aðild að samtökunum. Um kvöldið var teiti í Perlunni en á föstudagsmorgni hófst formleg dagskrá þar sem Anna Jerndorf formaður, Jón Sigurðsson og Árni Páll Árnason, varaforseti ESA, héldu erindi. Þar á eftir flutti Róbert Spanó, lögmaður, framúrskarandi erindi sem fjallaði um samspil grundvallarréttinda og nýrrar reglugerðar ESB um gervigreind. Að því loknu voru umræður sem Catherine Barnard, prófessor í Evrópurétti við háskólann í Cambridge, stýrði um stækkandi innri markað ESB og var Gunnar Þór Pétursson, forseti lagadeildar HR, meðal þátttakanda í því pallborði. Eftir hádegi á föstudeginum voru ýmis efni til umfjöllunar í einstaka málstofum, m.a. um áhrif gervigreindar á störf lögmanna, samkeppnisbann í ráðningarsamböndum og um nýja tilskipun um launagagnsæi. Í þeim síðastnefnda tók m.a. Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur hjá BSRB, þátt. Á föstudagskvöldinu fór fram hátíðarkvöldverður í Hörpu en á laugardagsmorgni fór Catherine Barnard

yfir markverðustu dóma sem ESB dómstóllinn hafði kveðið upp síðasta árið. Þar á eftir fór fram síðasti hluti ráðstefnunnar, sem voru pallborðsumræður um loftslagsbreytingar og hvaða áhrif þær munu hafa á vinnustaði og vinnumarkað. Í þeim hluta voru meðal þátttakenda Ólafur Ragnar Grímsson, fv. forseti Íslands, og Halldór Þorgeirsson, formaður loftslagsráðs. Ráðstefnunni lauk eftir hádegi á laugardeginum 8. júní.

EELA samtökin voru stofnuð árið 1998 og kemur einn stjórnarmaður frá hverju landi. Hérlendis eru einungis tveir meðlimir; Jón Sigurðsson, lögmaður hjá JS lögmennastofu, og Ólafur Eiríksson, lögmaður á Logos. Skilyrði til aðildar eru þau að viðkomandi þarf að vera félagismaður í Lögmannafélagi Íslands og sinna verkefnum á sviði vinnurétti í töluverðum mæli.



LAGADAGURINN

verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica
föstudaginn 27. september 2024

Dagskrá

Kl. 10.00-12.00

Stjórnarskrárbreytingar framundan?

Kl. 13.00-14.30

**Hraðhindranir á brautum dómskerfisins
Valdmörk hluthafa og stjórna félaga
Barátta við vindmyllur**

Kl. 15.00-16.00

**“Það fremur enginn samráðsbrot einn”
Réttarsaga: Yfirrétturinn á 18. öld
Kæru- og úrskurðarnefndir**



Nánari upplýsingar á www.lagadagur.is